

*Jólaverslun
2013
og jólagjöfin í ár*





RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

Jólaverslun 2013

Horfur í jólaverslun og „Jólagjöfin í ár“

Skýrsluna unnu:
Pálmar Þorsteinsson og Emil B. Karlsson
Rannsóknasetri verzlunarinnar

Hönnun kápu:
Þorfinnur Sigurgeirsson

Nóvember 2013

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega
beðnir um að geta heimilda.

Hóflegar væntingar til jólaverslunar

Varla er að búast við að met verði slegið í jólaverslun í ár. Litlar breytingar hafa orðið á kaupgetu heimilanna frá síðustu jólum og almennt eru litlar forsendur fyrir raunvexti í verslun.

Þó svo að velta í verslun hafi aukist að raunvirði um 1,5% á fyrri helming ársins eru ýmsar vísbendingar um að sá vöxtur haldist ekki þegar kemur að útgjöldum tengdum jólahaldi í lok ársins. Meðal vísbendinga um þetta er að efnahagslegar væntingar neytenda fara minnkandi, lítil kaupmáttaraukning hefur orðið að undanfögnu, sáralítill raunvöxtur hefur orðið í greiðslukortaveltu heimilanna og þjóðhagsspár hafa dregið úr væntingum um vöxt í einkaneyslu á þessu ári. Þá eru litlar vísbendingar um minnkandi verðbólgu alveg á næstunni eða lækkun vaxta.

Íslendingar eru samt fastheldnir á jólah hefðir og venjur, þar með talin innkaup til heimilis og gjafa. Þó ekki sé gert ráð fyrir miklum vexti í heildarveltu verslunar eru landsmenn kröfuharðir um gæði og vandaða vöru. Fólk velur almennt gæði frekar en magn. Tækninýjungar höfða nú sem fyrr til Íslendinga og munu örugglega setja svip sinn á jólaverslunina. Þannig má gera ráð fyrir góðri sölu í snjallsímum og endurnýjunarþörf á tækjabúnaði heimilisins gæti glatt seljendur raftækja. Einnig má gera ráð fyrir því að landsmenn geri heldur betur við sig í mat og drykk fyrir þessi jól heldur en í fyrra.

Launþegajól

Hátíðardagarnir um jólin bera uppá virka daga, en eitthvað er á reiki hvort þau teljast til brandajóla. Jólin að þessu sinni eru engu að síður sannkölluð „launþegajól“ - með fleiri frídögum en alla jafna. Þetta gæti haft í för með sér að landsmenn legðust í ferðalög meira en venjulega, sem hefur neikvæð áhrif á jólaverslun. Hins vegar má gera ráð fyrir auknum fjölda erlendra ferðamanna til landsins um jólin sem gæti vegið upp áhrif af hugsanlegu brotthvarfi Íslendinga. Hver erlendur „jólaferðamaður“ eyðir venjulega meiru en ferðamenn á öðrum árstíðum.

Emil B. Karlsson

Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

Jólaverslun breytist lítið milli ára


Í nýrri Þjóðhagsspá Hagstofunnar er talið að einkaneysla aukist minna á þessu ári en því síðasta. Hagvöxtur hefur verið hægur og dregið hefur úr væntingum neytenda um þriðjung á síðustu fjórum mánuðum samkvæmt væntingavísitölu Gallup. Allt þetta veldur hógværum væntingum til jólaverslunar í ár. Á síðasta ári var raunaukning í jólaverslun innan við eitt prósent og útlit er fyrir að vöxturinn verði áfram hægur.

Þó smásöluverslun hafi í heildina ekki náð sér á strik eftir hrun má sjá mjög misjafna þróun séu einstakar greinar verslunar skoðaðar. Þannig hefur dagvöruverslun haldið sínu striki á meðan enn er mikil lægð í fata- og húsgagnaverslun. Aftur á móti hefur verið nokkur vöxtur í raftækjaverslun og þá sérstaklega sölu farsíma.

Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að jólaverslun aukist um 4% frá síðasta ári að nafnvirði. Ef leiðrétt er fyrir verðhækkunum á tímabilinu nemur aukningin 0,5% að magni til.

Það sem af er ári hefur velta í smásöluverslun aukist frá fyrra ári og var fyrstu sex mánuði ársins tæpum 8,8 milljörðum eða 5,7% meiri en á sama tíma í fyrra. Innlend kortavelta jókst að sama skapi fyrstu tíu mánuðina um 3,8% að nafnvirði og um 0,1% að raunvirði.

Stóran hluta veltuaukningarinnar má rekja til verðlagsbreytinga. Ef tekið er tillit til þeirra var aukning smásöluveltu fyrstu sex mánuðina 1,5% að raunvirði. Sú aukning helst í hendur við breytingu í kaupmætti sem var að meðaltali 1,6% hærri á því tímabili samanborið við árið áður. Á síðustu sex mánuðum, frá júní til september, hefur kaupmáttur launa aukist um 0,4%.



Mynd 1: Velta í smásöluverslun eykst um 0,5% að raunvirði að mati Rannsóknaseturs verslunarinnar.

Heimild: Hagstofa Íslands (velta samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri).

Það er spá Rannsóknaseturs verslunarinnar að velta jólaverslunar verði svipuð að umfangi og í fyrra og aukist að raunvirði aðeins um 0,5% frá fyrra ári. Að nafnvirði aukist hún þó um 4% vegna verðlagshækkana. Meginforsendur spár Rannsóknaseturs verslunarinnar er veltuþróun smásöluverslunar það sem af er árinu. Auk þess er höfð hliðsjón af öðrum þáttum sem hafa áhrif á verslun eins og kaupmætti og væntingum.

Hver Íslendingur ver að jafnaði um 44.000 kr. til jólainnkaupa


Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar er sú að velta í smásöluverslun í nóvember og desember verði um 80 milljarðar króna eða um 68,5 milljarðar kr. án virðisaukaskatts og aukist þannig á breytilegu verðlagi um 4% milli ára. Þetta jafngildir því að verslun þessa tvo mánuði verði um 44.000 krónum meiri á mann umfram meðaltal annarra mánaða ársins eða 176.000 krónum fyrir fjögurra manna fjölskyldu.

Ætla má að verslun vegna jóla (velta umfram meðaltal annarra mánaða ársins) verði liðlega 14 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali 44.000 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Á mynd 2 má sjá hvernig velta smásöluverslana í nóvember og desember jókst árið 2012 um 3,6 milljarða eða 5,76% frá sama tímabili árið áður. Í ár er sú aukning áætluð 2,6 milljarðar eða tæp 4%. Áætlað er að verðbólga í desember verði 3,4% og nafnaukning veltu því 0,5% sem er örlítið minni aukning en varð í fyrra.

		Dagvörur	Sérvörur	Samtals
Heildarvelta nóv. og des.	<i>m.kr.</i>	34.594	45.383	79.978
- á mann	<i>kr.</i>	106.653	139.914	246.566
Þar af verslun vegna jóla	<i>m.kr.</i>	6.169	8.093	14.262
- á mann	<i>kr.</i>	19.018	24.949	43.967

Tafla 1: Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar um veltu í smásöluverslun í nóvember og desember 2013 með vsk.



Mynd 2: Því er spáð að velta í smásöluverslun síðustu tvo mánuði ársins 2013 verði rúmlega fjórum milljörðum meiri en á sama tímabili árið áður.

Heimild: Hagstofa Íslands (velta samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri). Spá fyrir 2013 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar.

Jólagjöfin í ár

Hátíðardagar jólanna lenda allir á virkum dögum að þessu sinni og því verða jólin löng og náðug. Þessir dagar verða örugglega nýttir vel við afslöppun, samveru og lestur góðra bóka. Líklegt er að upp úr ýmsum jólapökkum komi uppskriftin að nýju og betra lífi. Þetta er alla vega mat sérskipaðrar valnefndar sem valdi jólagjöfina í ár. Að þeirra mati er jólagjöfin í ár þessi:

Jólagjöfin í ár er: „Lífstílsbók“

Gífurleg gróska hefur verið í útgáfu og sölu á lífstílsbókum á þessu ári. Þar kennir ýmissa grasa, allt frá bókum um bætt mataræði til bóka um hannyrðir, útivist, sjálfstyrkingu og samfélagsumbætur. Strax í kjölfar efnahagshrunsins varð vart lífstílsbreytinga í átt til meiri sjálfspurftarbúskapar og bættis lífennis í stað lífsfyllingar sem fólst áður í kaupum á dýrum hlutum og fjárfestingum.

Að mati valnefndar rímar jólagjöfin í ár vel við tíðarandann. Að mörgu leyti fjalla lífstílsbækur um góðar lífsvenjur og dyggðir sem lengi hafa verið í heiðri hafðar og ganga nú í endurnýjun lífdaga. Lífstílsbækur þjóna öllum aldurshópum, bæði börnum sem vilja verða stór og sterk, fullorðnum sem hugsa um heilsuna og ömmu og afa sem vilja fá sem mest út úr ævkvöldinu. Lífstílsbækur eru bæði fyrir ríka og fátæka, spekinga og spjátrunga, ævintýramenn og ættfræðinga, snyrtipinna, framagjarna og fílhrausta.



Jólagjöfin í ár er „lífstílsbók“

Þær forsendur sem hafðar voru að leiðarljósi við val á *jólagjöfinni í ár* voru sem fyrr:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Ný vara eða hefur vakið endurnýjaðan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum

Valnefndin:



Jólagjafavalnefnd 2013 (frá vinstri á mynd):

- Sævar Kristinsson, stjórnunarráðgjafi, KPMG.
- Harpa Theodórsdóttir, viðskiptafræðingur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Sigurður Svavarsson, útgefandi, Opna ehf.
- Fríður Birna Stefánsdóttir, stjórnarmaður í VR og starfsmaður CCP

Valnefndin hafði úr að velja fjölda hugmynda sem bárust nefndinni. Öllum þeim sem sendu hugmyndir eru þakkaðar góðar undirtektir.

Jólagjafir fyrri ára

2006: Ávaxta- og grænmetispressa

2007: GPS staðsetningatæki

2008: Íslensk hönnun

2009: Jákvæð upplifun

2010: Íslensk lopapeysa

2011: Spjaldtölva

2012: Íslensk tónlist

2013: Lífstílsbók

Helstu niðurstöður

- Áætlað er að jólaverslunin aukist um 4% frá síðasta ári. Leiðrétt fyrir verðhækkunum má ætla að hækkunin nemi um 0,5% að raunvirði.
- Áætlað er að heildarvelta í smásöluverslun í nóvember og desember verði tæplega 69 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali um 44.000 kr. til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er „Lífstílsbók“

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfraðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunar-fyrirtækja í landinu.



**RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR**

Háskólinn á Bifröst • 311 Borgarnesi • Sími 433 3000 • www.rsv.bifrost.is

Gefið út í nóvember 2013